

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 200/2013

2014/EES/19/22

frá 8. nóvember 2013

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/688/ESB frá 5. nóvember 2012 um samræmingu á tíðnisviðunum 1 920-1 980 MHz og 2 110-2 170 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu í Sambandinu ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5czh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/267/ESB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czh. **32012 D 0688**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/688/ESB frá 5. nóvember 2012 um samræmingu á tíðnisviðunum 1 920-1 980 MHz og 2 110-2 170 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu í Sambandinu (Stjútíð. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 84).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2012/688/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. nóvember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 84.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.